

frýjendum, þótt hann sem formaður á fundinum 17. maí 1913 leyfði eða léti atkvæðagreiðslu fram fara um fram komna tillögu um sölu á fjárstofni félagsins, og þótt hann hafi reynt að afla þeirri tillögu fylgis og greitt henni atkvæði á fundinum, og þar sem ekki verður séð af málsskjölunum að stefndi, eftir fundinn 17. maí, hafi haft nokkur afskifti af stjórn félagsins eða framkvæmt söluna, verður ekki álitid að hann beri neina ábyrgð á henni gagnvart áfrýjendum. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna hinn stefnda, og er þá ekki þörf að rannsaka það atriði málsins, hvort umgetin sala á fjárbúi fjárræktarfélagins hafi verið lögleg eða ekki.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaðadóm, bæði í aðalefninu og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 2. október 1916.

Nr. 37/1916:

Björn Lindal

gegn

Árna Jónatanssyni

og Valgeiri Arnasyni.

D ó m u r :

Björn Línadal yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar bónda í Dagverðartungu, gegn hinum stefndu, Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni á Auðbrekkn, til þess, samkvæmt lögum 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl., að fá dæmt ógilt, að nokkru eða öllu leyti, gagnvart Ólafi Tryggvasyni afsal frá stefnda Árna Jónatanssyni til stefnda Valgeirs Árnasonar fyrir jörðinni Auðbrekku með hjáleigunni Bláteig, er gert var með bréfi 17. apríl 1914, og til skaðabóta fyrir það, að Ólafi Tryggvasyni var bægt frá ábúð á Bláteig árið 1914. Með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 7. febr. þ. á. var málinu vísað frá dómi og áfrýjanda, Birni Línadal, gert að greiða hinum stefndu 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Björn Línadal skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum yrði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsáleggingar um aðalefnið og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, efir mati réttarins.

Áfrýjunarstefnan hefir verið löglega birt hinum stefndu, en þeir hafa ekki sjálfir komið eða látið neinn koma til andsvara fyrir sig í yfirdóminum, og verður málið þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., dæmt eftir framlögðum skjölum áfrýjanda.

Tildrög málsins eru þau, að með bréfi, dags. 17.

apríl 1914, þinglesnu 22. maí s. á., afsalaði stefndi, Árni Jónatansson, stefnda Valgeiri Árnasyni, til eignar jörðina Auðbrekku, með hjáleigunni Bláteig í Skriðuhreppi, en hjáleiguna hafði Árni bygt nefndum Ólafi Tryggvasyni með byggingarbréfi, dags. 7. ágúst 1909, og sat Ólafur enn í þeirri byggingu, þegar afsalið fór fram. — Með þessu afsali taldi hann brotin á sér fyrgreind lög um forkaupsrétt leiguliða, þar sem honum hafði eigi verið gerður kostur á að neyta forkaupsréttar síns, eins og lögin mæla fyrir, og fól hann því áfrýjanda, Birni Líndal yfirréttarmálflutningsmanni, umboð, dags. 19. nóvember 1914, til að höfða þetta mál, þar með talið að stefna því til sátta og sættast á það. Áfrýjandi gaf út og undirskrifaði sáttakæru í málinu, en lét skrifara sinn mæta á sáttafundi fyrir sína hönd. Í sáttakæru og réttarstefnu krafðist hann forkaupsréttar að nefndum jörðum til handa Ólafi Tryggvasyni.

Þó að það sé eigi berum orðum tekið fram í umboðsskjalina 19. nóv. 1914, að áfrýjanda sé fengið fult vald yfir málinu og heimild til að reka það í sínu nafni sem mandataríus Ólafs Tryggvasonar, verður þó að líta svo á, að Ólafur hafi falið honum slíkt umboð, enda mætti hann (Ólafur) við fyrstu fyrirtekt málsins með umboð frá áfrýjanda. Það verður nú eigi talið, að neinar réttarfarslegar reglur séu því til fyrirstöðu, að áfrýjandi geti tekið að sér þetta umboð, þó að réttindi þau, forkaupsréttur leiguliða, sem um er að tefla í málinu, séu eigi framselj-anleg, en tengd við persónu leiguliðans Ólafs Tryggvasonar, með því að áfrýjandi hefir krafist þessara

réttinda til handa umbjóðanda sínum, en ekki sjálfum sér. Og með því áfrýjandi hafði fengið slíkt vald yfir málinu, sem fyr segir, var honum rétt að kæra það til sátta og mæta sjálfur við sáttatilraun, eða, ef forföll bönnuðu honum það, að senda umboðsmenn fyrir sig á sáttafundinn. Nú hefir áfrýjandi að vísu eigi sannað forföll þau, er hann tjáir hafi bannað sér að koma sjálfur á sáttafundinn, en stefndu hafa eigi véfengt forföll áfrýjanda, er þeim, að sögn hans, var kunnugt um að voru lögmæt, enda virðist stefndu, svo og sáttanefndin, hafa tekið skrifara áfrýjanda gildan sem umboðsmann hans við sáttumleitunina. Það verður því að álíta að sáttatilaunin hafi verið lögmæt, og verður eigi fallist á það að málinu var vísað frá undirréttinum fyrir þá sök, að það hafi eigi verið lagt löglega til sátta. Það ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins til dómsálagningar að efni til.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og visast málinu heim til dómsálagningar um efni þess.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.